



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík 7. maí 2020

2003011SA GB
Málalykill: 00.64

Efni: Umsögn um drög að rg. um þjónustu við fatlað fólk á árinu 2020

Vísað er til bréfs ráðuneytisins dags. 3. mars 2020 þar sem óskað er eftir umsögn um drög að ofangreindri reglugerð, ásamt viðbótum frá 6. maí sl.

Sambandið gerir ekki efnislegar athugasemdir við reglugerðina, sem er efnislega nánast samhljóða reglugerð um sama efni frá árinu 2019.

Ljóst er hins vegar, eins og boðað var í bréfi af hálfu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til sveitarfélaga, dags. 28. apríl sl., að skoða verði framlög vegna þjónustu við fatlað fólk að nýju þegar viðbrögð stjórnvalda við aðsteðjandi efnahagsvanda hafa verið ákveðin.

Sambandið leggur megináherslu á að velferðarþjónusta við viðkvæmstu hópa samfélagsins verði varin í þeim aðgerðum sem stjórnvöld grípa til í þeim tilgangi að mæta þungum áföllum í efnahagslífi vegna COVID-19 faraldursins.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga gegnir lykilhlutverki við að miðla tekjum til sveitarfélaga vegna málaflokksins. Fyrirséð er að mikill samdráttur verði í skatttekjum ríkisins sem mun leiða til þess að framlög ríkisins til sjóðsins. Í samskiptum við Alþingi og ráðuneyti undanfarnar vikur hafa fulltrúar sambandsins vakið sérstaka athygli á því að sveitarfélög / þjónustusvæði í málefnum fatlaðs fólks muni lenda í miklum erfiðleikum ef framlög dragast saman við enduráætlun síðar á árinu. Hlýtur það að vera mikið umhugsunarefni að fjármögnun grunnþjónustu við viðkvæma hópa skuli verða fyrir svo miklum áhrifum af völdum ófyrirséðrar sveiflu í efnahagsmálum.

Nauðsynlegt er að það verði skoðað alvarlega af hálfu ríkisins að veita sérstök fjárframlög, umfram lögbundin framlög ríkisins til jöfnunarsjóðs, í þeim tilgangi að tryggja að framlög hans til sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk skerðist ekki frá því sem áætlun um framlög í upphafi árs gerði ráð fyrir. Þetta er sérstaklega mikilvægt í ljósi þess að smærri sveitarfélög og þjónustusvæði hafa mjög takmarkaða möguleika þess að mæta þeim aukna þrýstingi á velferðarþjónustu sem fylgir samfélagslegum áföllum.


Sambandið leggur til að starfshópur með fulltrúum samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, félagsmálaráðuneytis og Sambands Íslenskra sveitafélaga verði settur á laggirnar til þess að greina efnahagsleg áhrif COVID-19 faraldursins á fjárstreymi í þjónustu við fatlað fólk. Greind verði sú fjárhæð sem ætluð er í heildarútgjöld hjá sveitarfélögum í þjónustu við fatlað fólk samkvæmt gildandi fjárhagsáætlunum þessa árs, þar með sá hluti sem sveitarfélögin væntu að kæmi úr jöfnunarsjóði. Á þeim grundvelli geri starfshópurinn tillögur um aðgerðir

sem gripið verði til sem miði að því að unnt verði að veita óskerta þjónustu í málaflokki fatlaðs fólks. Ef vilji er til þess af hálfu ráðuneyta væri mögulegt að fela starfshópnum jafnframt að greina möguleika til hagræðingar í rekstri sveitarfélaga innan málaflokksins og hvernig megi ná fram skilvirkari þjónustu og skýrari forgangsröðun. Í þeim tilgangi væri unnt að nýta úttektir sem unnið er að og nýlega hafa verið gerðar á rekstri nokkurra þjónustusvæða.

Verði starfshópur settur á laggirnar er æskilegt að hann vinni hratt að verkefni sínu. Að mati sambandsins er raunhæft að ætla að greining á fjárhagsstöðu geti legið fyrir í júní og greining á hagræðingarmöguleikum síðar í sumar.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri